

Parf að undirbúa sig fyrir taugasálfræðilega skoðun?

Ef þú notar gleraugu er mikilvægt hafa þau með svo þú getir lesið og sjáir vel þau verkefni sem lögð eru fyrir þig (t.d. myndir). Þeir sem nota heyrnartæki ættu að hafa það með sér. Ef sjúklingur hefur hvílst illa nóttina áður eða er að öðru leyti illa upplagður er oft betra en ekki að fresta skoðuninni.

Hvaða gagn er af skoðuninni?

Alveg eins og gott er að þekkja líkamlegar takmarkanir sínar eftir veikindi eða slys er gott að þekkja takmarkanir á sviði hugsunar. Til dæmis getur það hamlað fólki í starfi ef minnið er ekki eðlilegt og persónuleikabreytingar geta valdið erfiðleikum í samskiptum við annað fólk. Mikilvægt er að vita svona hluti í tíma svo hægt sé að bregðast við þeim á viðeigandi hátt.

En taugasálfræðilegt mat snýst ekki bara um að þekkja takmarkanir sínar heldur einnig að þekkja sínar sterku hliðar. Það er einnig mikilvægt og eykur sjálfstraustið. Oftast er það fólki mjög dýrætt að vita að sjúkdómurinn eða slysið sem það hefur orðið fyrir hefur ekki skert vitsmunalega færni þess.

Taugasálfræðileg skoðun

Taugasálfræðileg skoðun

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
ENDURHÆFINGARSVIÐ
SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA
JANÚAR 2005

HÖFUNDIR:
DR. MARÍA K. JÓNSDÓTTIR, YFIRSÁLFRÆÐINGUR

ÁBYRGÐARMADUR:
DR. EIRÍKUR ÖRN ARNARSON, FORSTÖÐUSÁLFRÆÐINGUR

LJÓSMYND: LJÓSMYNDAVEFUR MBL.IS

HÖNNUN: GAGNASMIÐA LSH/AV

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL ÁN SAMRÁÐS VIÐ ÁBYRGÐARMANN



Hver er tilgangurinn með taugasálfræðilegri skoðun?

Markmiðin geta verið margskonar. Stundum er beðið um skoðun til að svara mjög afmarkaðri spurningu, t.d. hvort sjúklingur hafi skert minni eða ekki. Stundum er svo þörf á ítarlegri skoðun, til dæmis þegar reynt er að meta hvort sjúklingur geti snúið aftur til fyrri vinnu eða ekki. Einnig er gagnlegt að nota taugasálfræðilegt mat til að fylgjast með bata, því andlegur og líkamlegur bati fer ekki alltaf saman og er oft mismikill og mishraður. Það er til dæmis algengt að minnið lagist lítið þótt talsverðar framfarir verði hjá sjúklingnum í sjúkrahúsi.

Ef fleiri spurningar vakna en þú færð svör við hér, er velkomið að hafa samband við ritara á skiptiborði Grensásdeildar - í síma 543 9100, og fá að tala við sálfræðinga.

Hver gerir taugasálfræðilega skoðun?

Matið gerir sálfræðingur sem er sérmenntaður í því hvernig heilinn starfar og hvernig heilaskaði af völdum áverka eða sjúkdóma hefur áhrif á hugsun okkar, tilfinningar og persónuleika. Þeir sálfræðingar sem hafa þessa sérmenntun kallast klínískir taugasálfræðingar.

Í hverju felst skoðunin?

Sálfræðingurinn notar stöðluð próf til að skoða ýmsa þætti hugsunar, til dæmis minni, athygli, einbeitingu, mál og rökhugsun. Þessir þættir eru alla jafna athugaðir með fleiri en einu prófi. Ekki dugur til dæmis að nota aðeins eina tegund minnisprófs því að minni er margþætt, byggir á mörgum ólíkum þáttum.

Þau próf sem notuð eru við taugasálfræðilegt mat eru afar fjölbreytileg. Sum þeirra eru í spurningaformi, önnur byggjast á að raða kubbum eða skrifa eftir upplestri. Auk þess þarf sálfræðingurinn að fá ýmsar aðrar upplýsingar um sjúklinginn, til dæmis um skólagöngu hans. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að túlka niðurstöður prófanna.

Þar sem klínísk taugasálfræði byggir á sterkum líffræðilegum grunni halda margir að taugasálfræðingar séu nokkurs konar lækna en svo er ekki.

Taugasálfræðilegt mat er gert af sálfræðingi og felur ekki í sér læknisskoðun eða beina sjúkdómsgreiningu. Taugasálfræðilegt mat er ekki heldur það sama og geðræn skoðun.

Hversu langan tíma tekur skoðunin?

Það fer eftir tilgangi matsins hversu langan tíma skoðunin tekur. Ef skoða á mjög afmarkaða þætti getur það tekið um eina klukkustund en ef farið er fram á ítarlegt mat getur skoðunin tekið fjórar til fimm klukkustundir. Einnig er mjög mismunandi hversu hratt sjúklingar vinna og það hefur auðvitað líka áhrif á tímamann sem þetta tekur.

Skoðun er oft skipt niður á tvö til þrjú skipti, allt eftir því hversu lengi sjúklingurinn treystir sér til að vinna í senn. Úthald sjúklingsins ræður alltaf ferðinni. Það er alltaf reynt að hafa taugasálfræðilegt mat eins stutt og unnt er og ekki er lagt meira á sjúklinginn en hann er fær um að ráða við með góðu móti.

Sumir furða sig á því að taugasálfræðilegt mat skuli taka svona langan tíma. En reyndar eru fjórar til fimm klukkustundir ekki langur tími þegar um er að ræða jafn margbrotna starfsemi og hugarstarf mannsins. Það ætti því frekar að segja „Sem betur fer tekur taugasálfræðileg skoðun langan tíma!“.